

Föstudaginn 18. apríl 1958.

Nr. 8/1958. **Ákærvaldið** (Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Ragnari Guðjóni Karlssyni

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómdur:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór
B. Lindal.**

Líkamsárás. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ragnar Guðjón Karlsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar og Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. nóvember 1957.

Ár 1957, mánudaginn 18. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sveini Snorrasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5247/1957: Ákærvaldið gegn Ragnari Guðjóni Karlssyni, en mál þetta var að afloknum munnlegum málflutningi tekið til dóms 14. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 29. ágúst s.l. er Ragnar Guðjón Karlsson sjómaður, Höfðaborg 21, hér í bæ, ákærður fyrir að hafa á tíunda tímanum mánudagsmorguninn

29. júlí s.l. í sundi við Varðarhúsið, hér í bænum, barið Jón Ingvar Árnason verkamann, Njálsgötu 83, fæddan í Reykjavík 27. júlí 1924, með krepptum hnefa í andlitið, svo að hann féll aftur yfir sig, skall með höfuðið í jörðina og slasaðist svo mjög, að hann beið bana af, en hann lézt um klukkan 23.30 miðvikudaginn 31. júlí s.l.

Telst brot þetta aðallega varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 218. gr. og 215. gr. laga þessara.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 2. janúar 1920 að Stóra-Hofi á Rangárvöllum. Hann hefur áður sætt þessum kærnum og refsingum:

- 1936 3/12 Áminning fyrir akstur á ljóslausu reiðhjóli.
- 1937 28/11 Kærður fyrir að brjóta sig inn í hús til kvenna. Látið falla niður.
- 1938 19/5 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 27/5 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 27/5 Undirgekkst að greiða 25 kr. skaðabætur fyrir árás.
- 1939 24/5 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir skjalafals.
- 16/10 Dómur sama réttar, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.
- 1941 17/4 Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 30/4 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 4/7 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 16/10 Sátt, 300 kr. sekt fyrir áfengissmygl.
- 26/10 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 20/11 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og 14 kr. skaðabætur til Hótel Ísland.
- 1942 22/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.
- 26/5 Sátt, 200 kr. sekt, 200 kr. skaðabætur fyrir árás og óspektir í veitingahúsi.
- 20/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 26/1 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi, fyrir brot gegn 248., 259. og 217. gr. hegningarlaga og bifreiðalögunum, áfengislögunum og lög-reglusamþykkt Reykjavíkur, sviptur kosningarétti og kjörgengi og ævilangt sviptur réttindum til þess að öðlast ökuskríteini bifreiðarstjóra.

- 6/11 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.
- 1944 9/1 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 9/3 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 27/5 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 27/8 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 18/12 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 23/12 Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot gegn 117. gr. hegningarlaganna, ölvun og slagsmál.
- 1945 5/1 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 31/1 Dómur aukaréttar, 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 117. gr. hegningarlaganna, bifreiðalögunum, áfengislögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
- 16/7 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn 1. mgr. 78. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 28/8 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 29/9 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 8/10 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 16/10 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 22/10 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1946 5/2 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 2/8 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 3/8 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 11/12 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1947 22/2 Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 22/2 Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir og brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 8/3 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
- 1/5 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun, 55 kr. skaðabætur í sama máli.
- 28/9 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 8/10 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 23/11 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.
- 25/11 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1948 29/1 Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.
- 17/3 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 18/5 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
- 20/5 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.

- 20/6 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
- 28/7 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 7/10 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1949 11/1 Reykjavík. Kærður af Indíönu Garibaldadóttur fyrir líkamsárás. Afturkallað.
- 26/3 Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 26/4 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
- 13/7 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 19/8 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 2/9 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi og brot á 4. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 27/10 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 29/10 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 1950 12/3 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 10/6 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun á bifreið. Fellt niður.
- 4/11 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 1951 15/2 Reykjavík. Málssókn vegna kæru fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga felld niður samkvæmt fyrir-lagi dómsmálaráðuneytisins. Kæran frá 9/4 1948.
- 16/9 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 28/10 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 1952 2/2 Reykjavík. Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur kosn-ingarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegn-ingarlaga.
- 5/11 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 1953 5/7 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 1954 21/5 Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 13/7 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1955 8/1 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
 — 13/1 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 20. gr.
 áfengislaga.

Málsatvik eru þessi:

Mánudagsmorgun 29. júlí s.l. um kl. 8,30 um morgunin hittust þeir Þorvaldur Marínó Sigurbjörnsson verkamaður, til heimilis að Sólvallagötu 40, hér í bæ, og Jón Ingvar Árnason verkamaður, Njálsgötu 83, fæddur 27. júlí 1924, hér niðri í bæ, en þeir munu kvöldið áður hafa verið sama nokkuð við áfengisdrykkju. Að sögn Þorvaldar Marínós var Jón Ingvar þá hreifur af víni, er þeir hittust um morguninn, en Þorvaldur kveðst þá engra áhrifa hafa kennt sér. Þorvaldur segir hins vegar, að ekki hafi verið sýnilegt, að Jón Ingvar kenndi sér þá nokkurs meins og enga sýnilega áverka hafi hann borið og það enn fremur, að hann hafi ekki átt í neinum erjum eða átökum við nokkurn mann þá um morguninn fyrr en þeir atburðir urðu, síðar verður vikið að. Þeir félagar dreyptu nokkuð á áfengisblöndu, sem Jón Ingvar var með, og gerðist Jón Ingvar brátt alldrukkinn, en Þorvaldur Marínó kveðst þá hafa drukkið mun minna en Jón Ingvar, enda verið lítið með áfengisáhrifum.

Á tíunda tímanum seint eða um tíu-leytið um morguninn voru þeir staddir við Verkamannaskýlið eða nánar tiltekið í sundinu milli þess og Varðarhússins. Ragnar Guðjón Karlsson, ákærði í máli þessu, átti þá leið þar um. Þeir voru allir kunnugir og heilsuðust þeir. Þorvaldur Marínó, sem þá var með áfengið með höndum, bauð ákærða sopa, en ákærði vildi ekki. Ákærði var snöggklipptur og mun hafa verið berhöfðaður. Jón Ingvar mun þá hafa verið á tali við annan eða aðra menn, er Þorvaldur bauð ákærða að súpa á áfenginu. Hann sneri sér nú að ákærða, gekk til hans og ávarpaði hann: „Hvað segir Karlsson,“ eða eitthvað í þá átt, og síðan „að hann (þ. e. ákærði) væri ekki í sama „stuði“ og hann hefði verið síðast“, en þeir ákærði og Jón Ingvar munu hafa verið á kendiríi saman þá ekki alls fyrir löngu, eftir því sem ákærði heldur fram. Síðan tók Jón Ingvar að fálma framan í ákærða og framan á hann og mun hafa stökkið honum um höfuðið. Í því sambandi heldur ákærði því fram, að Jón Ingvar hafi löðrungað hann sitt undir hvorn, en þó ekki fast. Tvö vitni, sem atburði þessa sáu, áður nefndur Þorvaldur Marínó og Guðný Kristjánsdóttir, matreiðslukona í Verkamannaskýlinu, sem stödd var þar í eldhúsi, staðhæfa bæði, að Jón Ingvar hafi ekkert slegið ákærða, heldur einungis fálmað fram-

an í hann og um höfuð hans, enda og að framan segir, en Þorvaldur segir þó, að Jón Ingvar hafi einungis fálmað framan í ákærða og blakað við honum máttlausri hendi, en ekki slegið hann.

Ákærði bað Jón Ingvar vera ekki að þessu og stjakaði við honum um leið, en er Jón Ingvar hélt áfram ertni sinni, skipti það engum togum, að ákærði sló hann í höfuðið með krepptum hnefa hægri handar, og var signetshringur af silfri á litla fingri handarinnar. Jón Ingvar féll þegar af högginu og í falli sínu mun hann hafa komið niður á rassinn fyrst, en síðan skoll-ið á hnakkann. Lá hann hreyfingarlaus eftir. Framangreind vitni sáu ekki, hvar höggið lenti á höfði Jóns Ingvars né heldur kveðst ákærði geta gert sér grein fyrir því. Hvorugt vitnanna sáu ákærða greiða Jóni Ingvari nema þetta eina högg, er hann féll af. Ákærði kveðst ekki hafa slegið hann nema þetta eina högg.

Eftir að Jón Ingvar var fallinn, kveðst Þorvaldur Marinó hafa spurt ákærða að því, hvað hann meinti með þessu, og hafi hann þá svarað: „Hvað átti ég að gera? Maður er skelpunnur,“ eða „Hvað er hann líka að þessu fálmi og hvað getur maður gert, maður er skelpunnur og ómögulegur“, eins og ákærði kveðst hafa svarað.

Ekki sinnti ákærði Jóni Ingvari, þar sem hann lá hreyfingarlaus. Kveðst hann hafa talið, að meginástæða þess, að Jón reis ekki á fætur þá, að hann væri svo ölvaður. Hélt ákærði síðan brott vestur Tryggvagötu.

Þorvaldur Marinó fór nú að stumra yfir Jóni Ingvari, án þess að hann kæmi til meðvitundar. Brátt kom þar að Svavar Guðni Svavarsson múrari, Camp Knox C-25, og hjálpaði hann Þorvaldi Marinó að flytja Jón Ingvar til og hagræða honum við hlið, sem þarna er á portsgirðingunni. Ekki verður séð, að Jón Ingvar hafi þarna orðið fyrir neinu harðræði ellegar hnjaski við þessar tilfæringar. Er allöng stund leið, án þess að Jón Ingvar kæmi til meðvitundar, gerði Þorvaldur Marinó ráðstafanir til þess að fá bifreið að flytja Jón Ingvar heim til hans. Í því skyni pantaði hann sendiferðabifreið, sem koma að vörmu spori á staðinn. Var þá fleira fólk komið á vettvang, en áður en Jón Ingvar yrði látinn í sendiferðabifreiðina, voru menn komnir á eitt mál um að réttara yrði að kveðja til lögregluna, með því meðvitundarleysi mannsins gæti stafað af öðru en áfengisdauða hans. Kom lögreglan síðan á vettvang um kl. 10,40 og flutti

Jón Ingvar á slysavarðstofuna. Ekki verður séð, að hann hafi við þann flutning orðið fyrir neinu hnaski eða harðræði.

Þegar komið var með Jón Ingvar í slysavarðstofuna, var hann meðvitundarlaus og kom eigi til meðvitundar, meðan hann dvaldi þar. Kl. 15.00 um daginn var hann fluttur í handlækningadeild Landspítalans, og segir deildarlæknir Friðrik Einarsson svo frá ástandi hans, meðan hann dvaldi í deildinni: „.... Við komuna hingað er sjúkl. meðvitundarlaus. Hann bröltir um í rúminu og ruglar ýmislegt, en getur engar upplýsingar gefið og svarar ekki af viti. Vínþefur er úr vitum sjúklingsins. Storkið blóð er í nefi og blóð vætlar úr vinstra eyra.

Sjúkl. hefur ekki komið til meðvitundar. Hann hefur verið mjög órólegur, bylt sér til og kastað af sér sænginni og reynt að fara fram úr rúminu. Hann svaraði lengi vel, þegar kallað var til hans, en svaraði aldrei af neinu viti. Í gærkvöldi og nótt hefur sjúkl. versnað mjög mikið. Hann á erfitt um andardrátt, hiti er yfir 40° og þegar þetta er ritað kl. 14.00 (31. júlí) er ekki útlit fyrir, að sjúkl. muni halda lífi. Ástandið bendir á mar og blæðingu á heila.“

Jón Ingvar lézt á handlækningadeildinni kl. 23.30 hinn 31. júlí s.l., eftir að honum hafði hrakað jafnt og þétt.

Prófessor Níels Dungal krufði lík Jóns Ingvars, til þess að staðreyna dánarorsök. Niðurstaða prófessorins er þessi: „Við krufninguna fannst mikil blæðing milli beins og heilabasts vinstra megin utan á heilanum. Er sýnilegt, að arteria meningeal media hefur sprungið þarna og blætt út frá henni, en sú sprunga hefur stafað af höggi, sem maðurinn hefur fengið vinstra megin og framan til á gagnaugasvæðið, þar sem allmikið mar var undir höfuðsverðinum. Brotið í kúpubotninum vinstra megin hefur einnig stafað frá þessu höggi. Annað högg hefur meðurinn fengið aftan á hvirfilsvæðinu hægra megin og út frá því höggi hefur komið sprungan, sem var hægra megin á kúpubotninum. Þriðja höggið hefur maðurinn fengið á hægra auga, og út frá því hefur komið sprungan í augnþak ennisbeinsins hægra megin. Banameinið hefur verið blæðingin milli heilabasts og beins út frá sprungunni á æðinni, sem þar hefur komið af högginu vinstra megin á höfuðið ásamt marinu neðan á heilanum, sem einnig hefur átt sinn þátt í dauða mannsins. Við innri líffæri fannst ekkert áberandi athugavert.“

Af því, sem að framan hefur verið rakið, verður að telja fullsannað, að Jón Ingvar hafi fengið þau lemsstur, sem getið er í

niðurstöðu prófessors Nielsar Dungals, er ákærði sló hann í umrætt sinn, svo og er hann féll til jarðar við högg ákærða og ennfremur, að lemskur þau hafi leitt til bana hans.

Engin rök liggja að því, að ákærði hafi viljað dauða Jóns Ingvars með árás sinni né heldur verður gerð krafa til hans um, að hann hafi átt að sjá fyrir sem mjög sennilegar afleiðingar verknaðar síns dauða Jóns Ingvars, og verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða af ákærinni um brot á 211. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Árás ákærða án Jón Ingvar í umrætt sinn verður að telja vísitandi gerða. Hún réttlætist ekki af ertni þeirri, er Jón Ingvar hafði áður sýnt ákærða með fálmi sínu. Afleiðingar hennar ber að virða ákærða sem gáleysi. Þykir brot ákærða réttilega heimfært undir ákvæði 218. gr. og 215. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Eftir málalokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Ragnars Jónssonar hrl., og skipaðs verjanda, Gústafs A. Sveinssonar hrl., kr. 2.000 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Guðjón Karlsson, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Ragnars Jónssonar hrl., og verjanda, Gústafs A. Sveinssonar hrl., kr. 2.000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.